

## Stjórnarfundur í Geðhjálp 21.06.18

**1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (HP).**

Fundargerð samþykkt án athugasemda.

**2. Kynning á skýrslu ráðgjafa fyrir árið 2017 (ÓBB).**

Ólöf Birna Björnsdóttir, ráðgjafi Geðhjálpar, kynnti skýrslu ráðgjafa fyrir árið 2017. Þar kom m.a. fram að ráðgjafi hefði sinnt 800 erindum notenda, aðstandanda og annarra á árinu eða ríflega 100 fleiri erindum heldur en árið áður. Athygli vakti að notendum hefur fjölgað umfram aðstandendur miðað við fyrri ár.

**3. Kynning á vinnu við úttekt á þjónustu í búsetukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar (ÞGG).**

Þorsteinn Gauti Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá Geðhjálp, og Bergþór G. Böðvarsson, úr stjórn, sögðu frá samstarfsverkefni Geðhjálpar og verkefnisins *Notandi spyr notanda* innan Hlutverkasetur um úttekt á þjónustu starfsmanna búsetukjarna á vegum Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið úttektarinnar er að kanna hvort fram fari valdefling til sjálfstæðrar búsetu í búsetukjörnunum.

**4. Innlegg frá Jóni Snorrasyni í framhaldi af námskeiði í mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu (HJ).**

HJ sagði frá námskeiði í mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu og fagnaði allri umræðu um málefnið. Hann mun senda AGÓ svar stjórnar Geðhjálpar við innleggi Jóns.

**5. Styrkumsókn frá Vinaskáklfélaginu (HJ).**

Ákvarðanatöku var frestað til næsta stjórnarfundar.

**6. Skýrsla heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu (HJ)**

Stjórnarmenn ræddu skýrsluna og drógu fram bæði jákvæða og neikvæða þætti. AGÓ var falið að leggja drög að viðbrögðum Geðhjálpar við skýrslunni.

**7. Fimm fulltrúar Geðhjálpar á aðalfundi Öryrkjabandalagsin í hausti (HJ).**

Fyrirliggjandi tillaga um fulltrúa á aðalfundinum var samþykkt.

**8. Önnur mál.**

- ÞI stakk upp á því að Geðhjálp legði til uppbyggilegar tillögur um umbætur í geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Samþykkt var að senda tillögur til viðkomandi yfirvalda í framhaldi af skýrslu Ríkisendurskoðanda.

- HJ óskaði eftir stuðningi til að sækja *Alternatives* ráðstefnu í Wasington DC í þeim tilgangi að sækjast eftir stuðningi til að halda slíka ráðstefnu á Íslandi í byrjun ársins 2019. Samþykkt var að veita honum allt að 150.000 kr. styrk fyrir flugfari og hóteli á meðan á ráðstefnunni stæði.
- Samþykkt var að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 16. ágúst.

***Fundi var slitið um kl. 19:00***